

From: Einar Halldórsson
Sent: miðvikudagur, 12. október 2022
Subject: Áætlun um loftgæði 2022-2033 - Drög til haghafa

Komið þið sæl,

Þið fáið þennan póst því að Umhverfisstofnun hefur skilgreint ykkar stofnun/félag/ráðuneyti/fyrirtæki sem haghafa að gerð áætlunar um loftgæði 2022-2033.

Umhverfisstofnun var falið að endurskoða *Áætlun um loftgæði á Íslandi 2017-2029 ? Hreint loft til framtíðar*, samkvæmt tilskipun 2008/50/EB um gæði andrúmsloft og hreinna loft í Evrópu. Þessi tilskipun var innleidd hér á landi með lögum nr. 144/2013 um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Áætlunin á að gefa út til 12 ára í senn og skal áætlunin gilda fyrir allt landið. Þá skal endurskoða áætlunina á fjögurra ára fresti. Umhverfisstofnun mun vinna tillögu að nýrri áætlun í samvinnu við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök atvinnulífsins og aðra haghafa og leggja fyrir ráðherra.

Nú hefur Umhverfisstofnun, heilbrigðisnefndir og stýrihópur aðgerðaráætlunarinnar unnið drög að nýjum aðgerðum fyrir árin 2022-2033. Því biðjum við ykkur yfirfara drögin og komið með athugasemdir eða tillögur að breytingum. Ef þið viljið koma einhverju sérstöku inni í þessa áætlun sem tengist efninu þá megið þið endilega bæta því við í viðeigandi kafla (setjið texta inn eins og þið viljið að hann komi fram í áætluninni). Við munum svo gera okkar besta til að það verði í lokadrögum áætlunarinnar, ef við á. Að lokum viljum við benda á að þið eruð e.t.v. meiri sérfræðingar í sumu og því gætu vel leynst villur eða ekki rétt farið með eitthvað í textanum. Endilega leiðréttið það.

Tillögur að áherslum við yfirllestur:

- Skoðið aðgerðir sem komnar eru og bætið við eða breytið þeim ef þurfa þykir.
- Bætið endilega við aðgerðum (undir viðeigandi markmið) ef þið eruð með einhver verkefni hjá ykkar stofnun/félagi/ráðuneyti/fyrirtæki sem gætu farið þarna inn og þið viljið vekja athygli á. Þau þurfa þó að vera tímasett, mælanleg og fjármöggnuð.
- Skoðið kaflann ?Áætlunir eða aðgerðir sem stuðla að bættum loftgæðum á Íslandi? og látið vita ef þið vitum um einhverja slíka sem mætti bæta við í þeim kafla.

Til athugunar: Mikilvægt er er að nota ?Track changes? meðan þið vinnið í skjalinu og endilega vistið þetta undir öðru nafni (sem er lýsandi fyrir ykkar vinnustað) áður en þið sendið mér þetta til baka.

Að lokum viljum við ítreka að þetta eru einungis drög og að allar ábendingar og skoðanir eru vel þegnar. Skilafrestur athugasemda er til og með 28. október 2022. Ef ekkert berst til okkar fyrir þann tíma þá lítum við svo á að þið séuð að mestu samþykkt þessari áætlun.

Lokadrög verða svo auglýst í sex vikur, skv. lögum, þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi tækifæri til að gera athugasemdir við hana.

Ef þið hafið einhverjar spurningar eða ef eitthvað er óljóst, ekki hika við að hafa samband við okkur í gegnum tölvupóst eða í síma 591-2000. Einnig, ef ykkur finnst vanta einhvern hagaðila sem talinn er upp í formóla áætlunarinnar vanta á póstlistann, látið vita eða áframsendið þennan póst.

Með fyrirfram þakkir um góðar undirtektir.

Bestu kveðjur, Best regards

Einar Halldórsson

Teymisstjóri, Team Leader

Svið loftslagsmála og græns samfélags, Department for climate and green communities

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)